


# HVERNIG BIÐJUM VIÐ?

Við tölum við himneskan föður með bæn. Hann vill alltaf heyra frá ykkur og hann hlustar alltaf. Hann svarar bænum okkar á marga vegu. Hann gæti veitt ykkur hvatningu eða tilfinningu frá heilögum anda. Hann gæti líka hvatt einhvern annan til að hjálpa ykkur.

## Hvernig að biðja

Lokið augunum, hneigið höfðuð ykkar og krossleggið handleggina.

Byrjið á því að segja: „Kæri himneski faðir."

Talið til himnesks föður með virðingu og lotningu.

Ljúkið með því að segja: „Í nafni Jesú Krists, amen."

Þið getið beðið hvenær sem er, upphátt eða í huga ykkar.

## Hér eru nokkur atriði sem hægt er að biðja um:

Þakkið himneskum föður fyrir það sem þið eruð þakklát fyrir.

Segið honum frá erfiðu eða góðu hlutunum sem gerðust þann daginn.

Biðjið hann um hjálp þegar þið eruð hrædd eða vitið ekki hvað á að gera.

Biðjið hann um að blessa einhvern annan sem þarf á hjálp að halda.